

Rammaáætlun 3. áfangi,  
Faghópur I  
Skúli Skúlason, formaður faghóps I  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. desember 2015  
2015110014/42-0  
ÁE, BM, KHS, LÁ, SH, SHM, TB  
jgo/tb

**Mat á gæðum gagna um náttúruminjar sbr. 10. gr. laga nr. 48/2010**

Vísað er til bréfs frá faghópi I í 3. áfanga rammaáætlunar, sem starfar í umboði Verkefnisstjórnar, dags. 25. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland í samræmi við 10. gr. laga nr. 48/2010 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Með bréfi faghóps I fylgdu upplýsingar um þá virkjunarkosti sem hópurinn hefur til umfjöllunar en þeir eru alls 26. Í nokkrum tilfellum getur verið að ræða mismunandi útfærslur virkjana á sama svæði, t.d. eru fjórir virkjunarkostir í Skjálfandafljóti. Með bréfinu fylgdi listi fyrir hvern virkjunarkost og skrá yfir þær heimildir sem faghópur I hefur í hyggju að leggja til grundvallar matinu.

*Inngangur*

Í 10. gr. framangreindra laga segir í 1. mgr: „*Verkefnisstjórn byggir faglegt mat sitt á upplýsingum sem fyrir liggja um þætti sem taka skal tillit til í verndar- og orkunýtingaráætlun og beitir við það samræmdum viðmiðum og almennt viðurkenndum aðferðum. Vinna faghópa er lögð til grundvallar matinu. Verkefnisstjórn skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Fornleifaverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Ferðamálastofu um hvort fyrirliggjandi gögn varðandi einstaka virkjunarkostir eru nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í verndar- og orkunýtingaráætluninni. Teljist gögn ófullnægjandi skal verkefnisstjórn láta safna viðbótargögnum og vinna úr þeim áður en eiginlegt matsferli hefst .*“

Að mati Náttúrufræðistofnunar felst hlutverk stofnunarinnar fyrst og fremst í því að leggja mat á hvort að gæði náttúarfarsgagna sem til eru fyrir viðkomandi virkjunarsvæði séu nægjanleg til að faghópur I geti lagt mat á verðmæti/verndargildi náttúru viðkomandi virkjunarsvæða, borið þau saman innbyrðis, raðað virkjunarsvæðunum eftir verndargildi og metið líkleg áhrif virkjana á verðmæti svæðanna. Teljist gögnin ófullnægjandi þarf að afla nýrra gagna áður en matsferli hefst eða þá að fella viðkomandi virkjunarkost út úr matsferli 3. áfanga Rammaáætlunar. Greining og samantektir faghóps I um einstaka náttúarfarsþætti út frá fyrirliggjandi gögnum liggur ekki fyrir á þessari stundu og því er ekki hægt að meta út frá þeiri vinnu hvort gögnin eða greining á gögnunum af hálfu faghópsins sé nægjanleg.



Á það skal einnig bent að í rammaáætlun er verið að meta verðmæti/verndargildi virkjanasvæða innbyrðis, en ekki verðmæti/verndargildi þeirra m.t.t. til náttúru Íslands í heild þó að óhjákvæmilegt sé annað en að setja svæðin í samhengi við náttúru landsins á landsvísu sem og alþjóðlegt gildi þeirra. Faghópur I er því ekki að meta algild verðmæti svæðanna. Þetta þýðir að þó gæði gagna fyrir virkjanasvæðin geti verið metin nægjanleg til að meta svæðin innbyrðis þá er ekki þar með sagt að gögnin uppfylli kröfur ef meta ætti virkjunarsvæðin í samanburði við landið í heild. Það er heldur ekki víst að þau gögn sem nú eru lögð fram til mats endurspegli að í fyrri áföngum rammaáætlunar hefur ákveðinn fjöldi virkjunarkosta verið settur í nýtingarflokk en við það getur verðmætamat þeirra svæða sem eftir eru aukist ef ákveðin verðmæti hafa glatast.

#### *Aðferðir*

Þeir þættir sem Náttúrufræðistofnun metur í fyrirliggjandi gögnum snúa að jarðfræði, gróðurfari og dýralífi, en þó einkum fuglalífi. Lagt er mat á gæði og hvort nægar upplýsingar séu fyrir hendi til að meta svæðin m.t.t. þeirra viðmiða sem verða væntanlega lögð til grundvallar í matinu, með vísan til fyrrí áfanga rammaáætlunar og aðferðafræði sem þar var notuð, þ.e. auðgi, fágæti, stærð/heildir, alþjóðlegs gildis og þekkingar. Um er að ræða upplýsingar um jarðfræði svæðanna, jarðfræðikort (berggrunns- og jarðgrunnskort) og þekkingu um einstakar jarðminjar; hvort til eru gróðurkort, vistgerðarkort og upplýsingar um einstakar tegundir plantna og dýra (stofnstærðir, útbreiðslu, válistategundir).

Náttúrufræðistofnun bendir á að um öll svæðin gildir að sáralítið er um gögn um annað dýralíf en fugla s.s. hryggleysingja og litlar upplýsingar um láglöntur. Fyrir mörg svæðin vantar einnig upplýsingar um betri staðsetningar einstakra tegunda plantna t.d. válistategunda og/eða dreifingu einstakra tegunda innan svæðanna. Þó að til séu einhverjar skráningar, t.d. á plöntum (háplöntum og láglöntum), í reitkerfi Náttúrufræðistofnunar, þ.e. í þeim reitum sem ná yfir viðkomandi virkjunarsvæði, vantar oft upp á gæði og nákvæmni skráninganna og erfitt að meta hvort tegund finnst innan áhrifasvæðis virkjunar eða ekki. Ekki hafa verið gerðar sér takar samantektir um þessi atriði. Vísun í gagnagrunna Náttúrufræðistofnunar, í heimildalista faghóps I, getur því verið misvísandi bæði vegna verðamætamats en einnig þegar lagt er mat á áhrif. Sama gildir um einstakar jarðminjar ef skráning þeirra hefur ekki farið fram.

Náttúrufræðistofnun fór yfir þá heimildalista sem fylgdu erindinu. Í fylgiskjali 1 er að finna yfirlit um þessa greiningu varðandi gögn fyrir einstaka virkjanakosti. Lagt er gróft mat á gæði gagnanna fyrir þá þættir sem þar eru taldir upp og eru gæði gagna flokkuð með eftirfarandi hætti: A= Mjög góð þekking, B= All góð þekking, C= Lítill þekking og D= Lítill sem engin þekking.

Fyrir gróður voru eftirfarandi þættir metnir: Skráning háplöntutegunda, gróðurkort og vistgerðir. Fyrir jarðfræði var skoðað: Berggrunnskort, jarðgrunnur og virk ferli og jarðfræði almennt. Fyrir fugla var lögð til grundvallar þekking á stofnstærð, útbreiðslu og búsvæðum. Hér að framan segir að lagt hafi verið „gróft mat“ á gögnin og helgast það af því að ekki liggja fyrir neinar samantektir faghóps I sem Náttúrufræðistofnun getur miðað við hvað varðar úrvinnslu gagnanna fyrir sjálft matið.



## Niðurstöður

Náttúrufræðistofnun telur að gæði framlagðra gagna (sem finna má í tilgreindum heimildalistum) séu nægjanleg til að meta flesta tilgreinda virkjunarkosti svo hægt sé að raða þeim innbyrðis út frá verðmaetum/verndargildi og áhrifum. Austurgilsvirkjun sker sig úr en að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki hægt að meta þann kost úr frá fyrirliggjandi gögnum. Afla þarf nýrra gagna fyrir gróðurfar, jarðfræði og fuglalíf en engar upplýsingar eru um þetta í heimildalista faghóps I. Einnig verður að benda á að fyrir Búðartunguvirkjun er litlar upplýsingar um jarðfræði svæðisins og sömuleiðs vantar ýmsar upplýsingar um gróðurfar, sjá fylgiskjal 1. Virkjunin fær einkunnina D fyrir jarðfræði og ýmsar ábendingar vegna gróðurs.

Fyrir hvern virkjunarkost eru settar fram athugasemdir, sjá fylgiskjal 1, ef ástæða hefur þótt til. Til dæmis er sérstaklega tekið fram ef úttekt á flóru hefur ekki verði framkvæmd. Slík athugasemd jafngildir að þar vanti gögn og/eða úrvinnslu/greiningu á gögnum sem mundu gera mat faghópsins áreiðanlegra ef þetta væri til staðar. Í þessu felst ábending um að nauðsynlegt sé að gera tilteknar samantektir og er það í höndum faghópsins/verkefnisstjórnar að taka á því í samræmi við 10. gr. laga nr. 48/2010 þar sem segir: *Teljist gögn ófullnægjandi skal verkefnisstjórn láta safna viðbótargögnum og vinna úr þeim áður en eiginlegt matsferli hefst.*

Náttúrufræðistofnun vill sérstaklega taka fram að það mat sem fyrirhugað er að fari fram hjá faghópi I getur ekki, miðað við þau gögn sem vitað er um, svarað endanlega til um hvort á svæðunum finnist t.d. einstakar jarðmyndanir, válistategundir plantna eða jafnvel nýjar tegundir plantna eða dýra fyrir Ísland, sérstaklega ef horft er til hryggleysingja. Á það má t.d. benda að við könnun á gróðri í vötnum hér á landi sl. þrjú ár vegna vistgerðaflokkunar hafa t.d. fundist tvær nýjar háplöntutegundir. Það verður því að hafa hugfast að hér er um innbyrðis röðun svæða að ræða út frá fyrirliggjandi gögnum sem segja til um hvort svæði raðist í nýtingarflokk, biðflokk eða verndarflokk m.t.t. þess að nýjar upplýsingar geti orðið til þess að annaðhvort breyta röðuninni eða útfærslum á virkjunum.

Virðingarfallst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Fylgiskjal 1, sent rafrænt.

